

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Tilvísun: 2009030087

ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS

um ráðstöfun eigna og skulda

Sparisjóðabanka Íslands hf., kt. 681086-1379, til Nýja Kaupþings banka hf., kt. 581008-0150 og
Seðlabanka Íslands.

Samkvæmt heimild í 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun um ráðstöfun eigna og skulda Sparisjóðabanka Íslands hf.

FORSENDUR:

Þann 6. október sl. voru samþykkt á Alþingi lög um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008, sem fólu í sér breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og öðrum lögum. Með lögunum eru Fjármálaeftirlitinu meðal annars fengnar heimildir til að grípa til sérstakra ráðstafana, vegna sérstakra aðstæðna eða atvika, í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði. Meti Fjármálaeftirlitið það svo að aðstæður séu mjög knýjandi getur það meðal annars tekið yfir vald hluthafafundar, vikið stjórn fjármálafyrirtækis frá störfum og skipað skilanefnd og/eða tekið yfir eignir, réttindi og skyldur fjármálafyrirtækis í heild eða að hluta eða ráðstafað slíku fyrirtæki í heild eða að hluta meðal annars með samruna þess við annað fyrirtæki, sbr. 100. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, eins og þeim var breytt með lögum nr. 125/2008.

Frá lokum október 2008 hefur eiginfjárstaða Sparisjóðabanka Íslands verið undir lögbundnum mörkum en Fjármálaeftirlitið hefur veitt ítrekaða fresti í því skyni að gefa bankanum í samvinnu við kröfuhafa sína kost á að koma við raunhæfri endurskipulagningu á fjárhag bankans. Frestur var fyrst veittur með bréfi Fjármálaeftirlitsins dags. þann 15. desember 2008 til 28. janúar sl. Frestur var framlengdur dags. 23. janúar sl. til 28. febrúar 2009 og svo aftur til 31. mars 2009 með bréfi Fjármálaeftirlitsins, dags. 27. febrúar 2009.

Í bréfi sem Fjármálaeftirlitinu barst frá Seðlabanka Íslands þann 21. mars. 2009 er vikið að neikvæðri eiginfjártöðu og óviðundandi lausafjártöðu Sparisjóðabanka Íslands hf. Í bréfinu kemur fram að undanfarnar vikur hefur bankinn ítrekað þurft að grípa til trygginga í stórgreiðslukerfinu til að eiga nægt laust fé í lok dags. Þá kemur fram að vegna lausafjárskorts Sparisjóðabanka Íslands hf. hefur bankinn að hluta nýtt sér veð í eigu sparisjóða. Þá segir jafnframt að fyrir utan þau veð sem eru til tryggingar í Seðlabankanum á Sparisjóðabankinn enginn önnur veð sem uppfylla reglur Seðlabankans um viðskipti hans við fjármálafyrirtæki. Í niðurlagi bréfsins segir að það sé mat Seðlabankans að staða Sparsjóðabankans sé óviðunandi og geti auk þess haft neikvæð keðjuverkandi áhrif á önnur fjármálafyrirtæki, ekki síst þar sem bankinn er greiðslubanki fyrir sparisjóðina í landinu.

Í tölvupósti sem barst frá fulltrúa bankaráðs Sparisjóðabanka Íslands hf. kom fram að bankaráð sjái sér ekki annað fært en að óska eftir því að Fjármálaeftirlitið grípi til þeirra úrræða sem því er veitt í lögum um fjármálfyrirtæki nr. 161/2002.

Með vísan til ofangreinds er ljóst að staða Sparisjóðabanka Íslands hf. er orðin þannig að ákvæði 100. gr. a laga um fjármálfyrirtæki eiga við um bankann. Það er mat Fjármálaeftirlitsins að yfirvofandi og alvarlegur lausafjárskortur bankans, og viðvarandi eiginfjárvandi, feli í sér knýjandi aðstæður í skilningi 3. mgr. 100. gr. a. fyrrgreindra laga.

ÞAÐ ER ÁKVÖRDUN FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS að taka yfir vald hluthafafundar Sparisjóðabanka Íslands hf. og taka ákvarðanir um eftirfarandi aðgerðir sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar:

ÁKVÖRDUN:

SKULDBINDINGAR

1. Seðlabanki Íslands yfirtekur skuldbindingar Sparisjóðabanka Íslands hf. vegna innstæðna sparisjóða. Innstæður flytjast yfir miðað við stöðu og áunna vexti á yfirtökudegi, sbr. 7. tl. hér að neðan. Ekki er þörf á innköllun eða auglýsingu vegna þeirrar færslu. Allir skilmálar umræddra innlána um tímalengd, vaxtakjör, mynt o.p.h. halda sér óbreytt gagnvart Seðlabanka Íslands.
2. Nýi Kaupþing banki hf. yfirtekur skuldbindingar Sparisjóðabanka Íslands hf. vegna innstæðna annarra aðila en greinir í 1. tl. Innstæður flytjast yfir miðað við stöðu og áunna vexti á yfirtökudegi, sbr. 7. tl. hér að neðan. Ekki er þörf á innköllun eða auglýsingu vegna þeirrar færslu. Allir skilmálar umræddra innlána um tímalengd, vaxtakjör, mynt o.p.h. halda sér óbreytt gagnvart Nýja Kaupþingi banka hf. Yfirdráttur á veltureikningum ásamt tilheyrandi tryggingarréttindum flyst yfir til Nýja Kaupþings banka hf.
3. Seðlabanki Íslands og Nýi Kaupþing banki hf. yfirtaka þó ekki innlánaskuldbindingar sem stofnað hefur verið til með þeim hætti að kröfueigandi samkvæmt skuldabréfi og/eða öðru sambærilegu skuldaskjali hefur fengið kröfu sína greidda fyrir gjalddaga en á sama tíma hefur verið stofnað til innláns hjá Sparisjóðabanka Íslands hf. Þá yfirtaka Seðlabanki Íslands og Nýi Kaupþing banki hf. heldur ekki peningamarkaðsinnlán frá fjármálfyrirtækjum sem kunna að eiga innlán hjá Sparisjóðabanka Íslands hf.
4. Nýi Kaupþing banki hf. yfirtekur skuldbindingar samkvæmt inn- og útflutningsábyrgðum, ábyrgðir vegna efnda fyrirtækja og einstaklinga er tengjast reglubundinni starfsemi. Nýi Kaupþing banki hf. yfirtekur ekki ábyrgðir Sparisjóðabanka Íslands vegna: a) skuldbindinga dótturfélaga erlendis, b) fyrirtækja í greiðslustöðvun, undir nauðasamningi eða gjaldþrotaskiptum, c) skuldbindinga þeirra sem eiga virkan eignarhlut í Sparisjóðabanka Íslands og tengdra aðila, d) skuldbindinga við íslensk fjármálfyrirtæki; e) annarra sérstaklega tilgreindra ábyrgða.



EIGNIR

5. Sem endurgjald fyrir yfirtöku innlánsskuldbindinga skv. 1.-3. tl. framselur Sparisjóðabanki Íslands hf. útlán sín til sparisjóða alls að fjárhæð u.þ.b. kr. 10,7 milljarðar króna auk skuldabréfakröfu á hendur Byr-sparisjóði, að fjárhæð kr. 2,75 milljarðar króna, eða samtals um 13,45 milljarðar króna. Seðlabanki Íslands og Nýi Kaupping banki eru viðtakendur umræddrar greiðslu. Þeir annast uppgjör vegna hennar sín á milli og standa Sparisjóðabanka Íslands hf. skil á mismun á milli yfirtekinna skuldbindinga og eigna ef einhver er.

ÖNNUR ATRIÐI

6. Stjórn Sparisjóðabankans er í samráði og með samþykki Fjármálaeftirlitsins falið að hrinda þessari ákvörðun í framkvæmd; staðreyna þau innlán sem falla undir gildissvið annars vegar 1.-2. tl. og hins vegar 3. tl. þessarar ákvörðunar, útbúa þau skjöl sem nauðsynleg eru til að tryggja endurgjaldið samkvæmt 5. tl. og tryggingarréttindi sem því fylgja, og hafa samráð við Nýja Kaupþing banka hf. og Seðlabanka Íslands um nánari framkvæmdaatriði. Fjármálaeftirlitið leggur fyrir stjórn Sparisjóðabanka Íslands hf. að hún leiti heimildar til greiðslustöðvunar samkvæmt ákvæðum laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991, sbr. kafli XII. A. laga nr. 161/2002.
7. Yfirlæssla innlána samkvæmt ofangreindu fer fram eigi síðar en kl. 9.00 mánudaginn 23. mars 2009. Framsal krafna vegna endurgjalds skv. 5. tl. ákvörðunarinnar skal fara fram eigi síðar en kl. 12.00 mánudaginn 6. apríl 2009.
8. Engin vanefndaúrræði viðsemjanda skulu taka gildi sem afleiðing af ákvörðun þessari.

Ákvörðun þessi byggir á fyrirliggjandi upplýsingum og gögnum. Reynist hún byggð á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, forsendur ákvörðunarinnar bregðast verulega eða Fjármálaeftirlitið telur að önnur skipan mála sé nauðsynleg getur Fjármálaeftirlitið gert hvers konar breytingar á ákvörðun þessari, þ.m.t. að fella hana úr gildi í heild eða að hluta, eða fresta einstökum þáttum hennar.


Ákvörðun þessi var tekin af stjórn Fjármálaeftirlitsins og öðlast hún þegar gildi.

FJÁRMÁLAEFTIRLITID

21. mars 2009



Gunnar Haraldsson
Formaður stjórnar



Ragnar Haflidason
Forstjóri